

## ✉ Re: NÍ - Kynning á tillögu friðlýsingar Bessastaðaness

Búið til	10.12.2021 15:41:03
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.12.2021 15:41:01
Tilheyrir	📁 202110-0035 - Kynning á tillögu friðlýsingar Bessastaðaness

### Efni

Re: NÍ - Kynning á tillögu friðlýsingar Bessastaðaness

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	10.12.2021 15:41:01	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-2 Tillögur um friðlýsingar svæða eða náttúrumyndana		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is

### Innihald

Komdu sæl, eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202110-0035 (SS).

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. þann 22. október, 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að friðlýsingu Bessastaðaness.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna þ.m.t. áætluð mörk friðlýsts svæðis og tillögur að friðlýsingarskilmálum.

Ljóst er að mörk friðlýsts svæðis miða fyrst og fremst við jarðamörk Bessastaðalandsins. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði verið jákvætt ef friðlýsingin hefði náð yfir alla Lambhúsatjörn og fjörur hennar en nú er einungis suðvesturhluti tjarnarinnar eftir. Líkt og innan áætlaðra marka er þar að finna vistgerðir með hátt verndargildi eins og klóþangsklungur og marhálmsgræður og mikilvæg búsvæði fugla eins og margæsa. Óheppilegt er að verndunin nái ekki yfir allt þetta mikilvæga svæði.

Sama má segja um Bessastaðatjörn en heppilegt hefði verið ef öll tjörnin væri friðlýst enda fuglalíf þar fjölskrúðugt.

Náttúrufræðistofnun telur skilmála friðlýsingar vera skýra og ítarlega og er einungis með örfáar athugasemdir:

Huga þarf vandlega að umfjöllun um umferð skipa og báta og vatnaíþróttatækja í stjórnunar- og verndaráætlun. Á far- og varptíma er fuglalíf mikið á svæðinu, einkum á Lambhúsa- og Bessastaðatjörnum. Skoða ætti svæðisbundnar útfærslur við stjórnun á umferð t.d. reglur um fjarlægð frá landi á viðkvæmum svæðum o.s.frv.

Skoða ætti einnig í stjórnunar- og verndaráætlun að skilgreina bann við umferð hunda í taumi á tilteknum viðkvæmum svæðum eða tímum t.d. í æðarvarpi.

Ekki ætti að veita algjöra undanþágu fyrir refaveiðum með skotvopnum. Refir eru ekki algengir á svæðinu og frekar ætti að horfa til þess að veita sérstakar undanþágur þegar þörf er á. Ólíkt minkum eru refir ekki framandi rándýr í íslenskri náttúru og engin ástæða til að leyfa alla refaveiði án nokkurrar stýringar, sérstaklega á svæði þar sem lítið er um þá.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir" <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>

**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

**CC:** "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurðsson@ni.is>

**Subject:** NÍ - Kynning á tillögu friðlýsingar Bessastaðaness

**Date:** 22.10.2021 14:33:40

Góðan dag

Meðfylgjandi er kynning á tillögu að friðlýsingu Bessastaðaness.

Er þetta sent skv. 39. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Sjá einnig, <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/bessastadaness/>  
(<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/bessastadaness/>)

Erindið er einungis sent rafrænt.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið náttúruverndar, Department of nature protection



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

## Viðhengi

image001.png (3 KB)

image002.png (5 KB)